

Skrifstofa sveitarfélaga og byggðamála
Innviðaráðuneytið
Sölvhólgata 7
101 Reykjavík

Reykjavík, 14. apríl 2023
E-2023-093/00.11

Efni: **Drög að stefnu í málefnum sveitarfélaga (hvítbók)**

Vísað er til máls nr. 72/2023 sem auglýst er til umsagnar í Samráðsgátt stjórnvalda. Um er að ræða hvítbók sem er þáttur í stefnumótunarferli ríkisvaldsins í málefnum sveitarfélaga. Stefnan er unnin á grundvelli gildandi sveitarstjórnarlaga um að ráðherra sveitarstjórnarmála leggi fram tillögu um stefnu í málefnum sveitarfélaga til 15 ára í senn og samhangandi aðgerðaáætlun til fimm ára í senn á minnst þriggja ára fresti. Stefnuskjalið er unnið á grunni grænbókar um stöðu og valkosti íslenskra sveitarfélaga frá því í lok síðasta árs.

Landsvirkjun þakkar tækifæri til umsagnar og vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri.

Ríki heims leita nú lausna til að draga úr kolefnislosun og eru orkuskipti einn lykilþátturinn í þessum aðgerðum. Íslensk stjórnvöld hafa sett sér metnaðarfull markmið hvað varðar innlend orkuskipti en ljóst er að auka þarf framboð á raforku eigi þau markmið að nást. Sveitarfélög gegna lykilhlutverki hvað varðar skipulags- og leyfisveitingarmál orkumannvirkja og gegna þannig afar mikilvægu hlutverki hvað varðar framtíðarárangur Íslands í loftslagsmálum.

Landsvirkjun er vel meðvitað um þörfina á því að sem víðtækust samfélagsleg sátt ríki um raforkuvinnslu og frekari orkuöflun á Íslandi. Lykilþáttur í slíkri sátt er m.a. að fjárhagslegum ávinningi af raforkuvinnslu sé skipt með sem sanngjörnum hætti á milli ólíkra hagaðila, þ.m.t. sveitarfélaga, og svo hvernig tekjur skiptast síðan innbyrðis á milli sveitarfélaga á áhrifasvæðum virkjana. Í þessu samhengi er vert að hafa í huga að þegar sveitarfélag fær auknar skatttekjur vegna nýrra orkumannvirkja þá getur sú aukning leitt til skerðingar á greiðslum úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga sem getur dregið úr hvata sveitarfélaganna og vinnur gegn markmiðum stjórnvalda. Mikilvægt er að innlent regluverk skapi með almennum hætti rétta hvata og tryggi að sveitarfélög sjái skýran ávinning í því að styðja við frekari uppbyggingu og aukið framboð raforku. Landsvirkjun hvetur til þess að stjórnvöld horfi til þessara þátta við áframhaldandi vinnu að stefnu þeirri sem hér er til umsagnar.

Í þessum anda leggur Landsvirkjun m.a. til að bætt verði við nýrri aðgerð í kafla 3.6 í umrætt stefnuskjal sem fjallar um aukinn árangur á sviði loftslags-, umhverfis- og skipulagsmála. Aðgerðin gæti heitið „Ávinningur af orkuvinnslu“ og mætti skilgreina hana á eftirfarandi hátt:

„**Verkefnismarkmið:** Greina fjárhagslegan ávinning sveitarfélaga af orkuvinnslu í sínu nærumhverfi sem og greina og leggja mat á hvað teljist áhrifasvæði eða nærsamfélag orkuvinnslu. Skipaður verði starfshópur sem vinna skal tillögur að breytingum á umgjörð um skiptingu á fjárhagslegum ávinningi af orkuvinnslu. Við vinnu starfshópsins verður m.a. horft til erlendra fyrirmýnda.



Samhæfing við aðrar stefnur og áætlanir: Aðgerðin samræmist ríkisstjórnarsáttmála, Orkustefnu Íslenskra Stjórnvalda, markmiði Stjórnvalda um 55% samdrátt í losun á beinni ábyrgð Stjórnvalda fyrir árið 2030, vegvísi að vistvænum samgöngum til ársins 2030 (í vinnslu), markmiði Stjórnvalda að Ísland verði kolefnishlutlaust og óháð jarðefnaeldsneyti fyrir árið 2040, aðgerð B.2 í byggðáætlun um orkuskipti og betri orkunýtingu, 7. heimsmarkmiði Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra orku, 9. heimsmarkmiði Sameinuðu þjóðanna um nýsköpun og uppbyggingu, 11. heimsmarkmiði Sameinuðu þjóðanna um sjálfbærar borgir og samfélög og 13. heimsmarkmiði Sameinuðu þjóðanna um aðgerðir í loftslagsmálum.

Ábyrgð: [Viðkomandi ráðuneyti málaflokks]

Samstarfsaðilar: Innviðaráðuneytið, fjármála- og efnahagsráðuneytið, umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið, Samband Íslenskra sveitafélaga, Samorka og framleiðendur, dreifendur og flutningsaðilar raforku.

Tímabil: 2023-2024“

Að lokum skal nefna að Landsvirkjun hefur lengi verið hugleikið að sem víðtækust samfélagsleg sátt ríki um raforkuvinnslu á Íslandi. Fyrirtækið hefur sett sér sérstaka samfélagsstefnu og hefur fyrirtækið það sérstaklega að leiðarljósi að nærsamfélög virkjana þess njóti ávinnings af starfsemi. Fyrirtækið styður við fjölbreytt málefni og verkefni sem hafa jákvæð samfélagsáhrif og á síðasta ári námu beinar greiðslur fyrirtækisins til sveitarfélaga (fasteignaskattar og lóðarleiga) um einum milljarði króna.

Virðingarfyllt,

Kristín Linda Árnadóttir

Aðstoðarforstjóri

Þórólfur Nielsen

Forstöðumaður stefnumótunar og sjálfbærni